

Umhverfismat



Gátlisti fyrir mið- og elstastig grunnskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað vistheimt í upphafi nýs Grænánatímabils.

Miðað er við að nemendur á mið- og unglingastigi framkvæmi matið með aðstoð kennara. Við hverja spurningu er mynd til leiðbeiningar um hvernig best er að framkvæma matið.

Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

Merkingar:

Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar



Nemendur gætu þurft aðstoð við að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni



Matskvarðar:



Ekki til staðar í skólastarfinu



Að hluta til eða í gangi í skólastarfinu










Nú þegar gert í skólastarfinu











Hugur þekking



Hafa nemendur fengið fræðslu um hvað felst í hugtakinu vistheimt? 			
Hafa nemendur fengið fræðslu um hvað felst í hugtakinu lífbreytileiki (líffræðileg fjölbreytni) og hvernig það tengist vistheimt? 			
Hafa nemendur fengið fræðslu um hvað felst í hugtakinu loftslagshamfarir (loftslagsbreytingar) og hvernig það tengist vistheimt? 			
Hafa nemendur fengið fræðslu um hvað felst í hugtakinu landhnignun og hvernig það tengist vistheimt? 			
Hafa nemendur fengið fræðslu um hvað felst í hugtakinu ágeng framandi tegund og hvernig það tengist vistheimt? 			
Geta nemendur nefnt ágengar framandi tegundir á Íslandi? 			
Kunna nemendur að greina á milli innlendra og framandi tegunda? 			







<p>Þekkja nemendur innlendu trjátegundirnar birki, reynivið, gulvíði, loðvíði og eini?</p> 			
<p>Þekkja nemendur helstu náttúrulegu vistkerfi á og við Ísland?</p> 			
<p>Þekkja nemendur næringarefnahringrásina?</p> 			
<p>Kunna nemendur að greina á milli mismunandi vistkerfa?</p> 			
<p>Þekkja nemendur hugtakið þjónusta vistkerfa?</p> 			
<p>Fá nemendur fræðslu um mun á örfoka og grónu landi?</p> 			
<p>Eru nemendur meðvitaðir um að áratugurinn 2021-2030 er tileinkaður vitsheimt hjá Sameinuðu þjóðunum?</p> 			



Hjarta skólinn og samfélagið










Eru svæði í nágrenni skólans sem þarfnast þess að vera endurheimt? (T.d. framræst mýri eða örfoka land) 			
Eru ágengar framandi tegundir í nágrenni skólans? (T.d. lúpína eða skógarkerfill) 			
Fara nemendur út fyrir þéttbýlið og kynnst villtri íslenskri náttúru? 			
Fá nemendur tækifæri til útivistar í borgar/bæjar/sveitanáttúru í nágrenni skólans? 			



Hendur aðgerðir



<p>Hefur verið sett upp vistheimtartilraun í nágrenni skólans? ·Ef já, er búið að mæla árangur vistheimtartilraunar og fylgjast með breytingum (t.d. eftir árstíðum eða árum)?</p>	 			
<p>Hafa verið unnin vistheimtarverkefni í skólastofu eða á skólalóðinni?</p>				
<p>Er búið að fara í eyðingu á ágengum framandi lífverum í nágrenni skólans?</p>				
<p>Hafa nemendur vakið athygli á vistheimt eða lífbreytileika í skólanum, stofnunum eða fyrirtækjum í nærsamfélaginu?</p>				
<p>Hafa nemendur haft áhrif á nærsamfélag sitt ef þeim hefur fundist eitthvað ábótavant, t.d. skrifa bréf til sveitastjórnar?</p>				
<p>Eru samstarfsverkefni um náttúruverndarmál á milli skólans og stofnanna eða fyrirtækja í nærsamfélaginu?</p>				

Til umræðu:

·Hvað er vistheimt og hvernig tengist hún loftslagsmálum og vernd á lífbreytileika?

·Ágengar framandi tegundir eru ein af fimm helstu ógnum í heiminum við lífbreytileika. Hvað er hægt að gera á Íslandi til að koma í veg fyrir að framandi tegundir valdi íslenskri náttúru skaða?

·Hver er munurinn á borgarnáttúru og villtri náttúru Íslands? Eru þær báðar mikilvægar fyrir okkur fólkið?

·Hvaða þarf að gera til að hjálpa örfoka landi eða framræstri mýri að verða að því vistkerfi sem þar var áður? Sjá Verkfæratösku vistheimtar.

Sjá námsefni og handbók um vistheimt og lífbreytileika. Hérna er ítarefni og mörg ólík og misstór verkefni fyrir bæði úti- og inninám. Náttúra til framtíðar

Markmið og aðgerðir innan þemans vistheimt